



Reykjavík, 25. mars 2025  
SFS25030062

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

## Efni: Tilraunaverkefni um fjarkennslu í grunnskóla á vegum Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 24. mars 2023 var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. mars 2025:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að skóla- og frístundasviði verði heimilað að hefja tilraunaverkefni um fjarkennslu í grunnskóla Reykjavíkurborgar vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík. Í þessu felst meðal annars að útfæra fjarkennsluna í samvinnu við grunnskóla innan borgarinnar sem er tilbúinn til að halda utan um verkefnið. Tilraunaverkefnið hefjist í upphafi skólaársins 2025-2026 og standi til þriggja ára. Gerður er fyrirvari um að leyfi mennta- og barnamálaráðherra til tilraunaverkefnisins fáiast.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Við samstarfsflokkarnir fögnum tilraunaverkefninu um fjarkennslu í grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir nemendur með lögheimili í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst verði um að ræða fjarkennslu fyrir nemendur sem búa tímabundið erlendis, nemendur sem hafa átt erfitt uppdráttar félagslega, nemendur með skólaforðun, nemendur sem orðið hafa fyrir einelti eða eiga áfallasögu, langveika nemendur og nemendur í fíkniefnaneyslu eða með sögu um slíkt. Með því að nýta grunnskóla borgarinnar eru nemendur í návígi við þá þjónustu sem skólinn getur veitt auk þess sem skapast tækifæri á tengslum við annað skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:

Í greinargerð með tillögu um fjarkennslu í grunnskólum Reykjavíkur kemur fram að tillagan nái m.a. til barna sem hafa átt erfitt uppdráttar félagslega og nemendum sem orðið hafa fyrir einelti. Mikilvægt er að fagfólk á vettvangi frítímans komi að útfærslunni þar sem lögð verði áhersla á að rjúfa félagslega einangrun og/eða styrkja félagslega stöðu með þarfir einstaklingsins að leiðarljósi.



Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að leitað sé leiða til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Skýra þarf hvernig áætlunin er að framkvæma fjarkennslu/fjarnám en samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara ber að greiða kennara 50% álag á hverja kennslustund í fjarkennslu. Tryggja þarf að unnið sé að bættu starfsumhverfi kennara líkt og lagt er fram í öðrum lið á fundinum í dag. Ef ekki er haldið vel utan um breytingar sem þessar geta þær orðið til þess að álag aukist á þá kennara sem þessu sinna og verkefnum á þeirra herðum fjölgi, þ.á.m. aukinn undirbúningstími fyrir hverja kennslustund þar sem undirbúa þyrfti jafnvel margs konar útfærslur á kennslu sama viðfangsefnis. Börn sem glíma við skólaforðun hafa oft einhverjar undirliggjandi ástæður sem hafa áhrif á færni þeirra og/eða líðan á einhvern hátt og spyrja má sig að því hvort æskilegt sé að þau börn séu í fjarnámi. Einnig er mikilvægt að skýra hvernig eftirfylgni með námi nemendanna skuli vera háttáð.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 12. mars 2025



Reykjavík



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. mars 2025

SFS25030062

## TILLAGA

### Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tilraunaverkefni um fjarkennslu í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að skóla- og frístundasviði verði heimilað að hefja tilraunaverkefni um fjarkennslu í grunnskóla Reykjavíkurborgar vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík. Í þessu felst meðal annars að útfæra fjarkennsluna í samvinnu við grunnskóla innan borgarinnar sem er tilbúinn til að halda utan um verkefnið. Tilraunaverkefnið hefjist í upphafi skólaársins 2025-2026 og standi til þriggja ára. Gerður er fyrirvari um að leyfi mennta- og barnamálaráðherra til tilraunaverkefnisins fáiast.

#### Greinargerð:

Lagt er til að farið verði í tilraunaverkefni til þriggja ára með þeim hætti að unnt verði að fullnægja skólaskyldu með fjarkennslu, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti.

Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst verði um að ræða fjarkennslu fyrir nemendur sem búa tímabundið erlendis, nemendur sem hafa átt erfitt uppdráttar félagslega, nemendur með skólaforðun, nemendur sem orðið hafa fyrir einelti eða eiga áfallasögu, langveika nemendur og nemendur í fíkniefnaneyslu eða með sögu um slíkt.

Ekki verður litið svo á að um sé að ræða sérúrræði og verða nemendur að vera skráðir með hefðbundnum hætti í grunnskólann sem sinnir tilraunaverkefninu.

Með því að nýta grunnskóla borgarinnar eru nemendur í návígi við þá þjónustu sem skólinn getur veitt auk þess sem skapast tækifæri á tengslum við annað skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að ráðinn verði verkefnastjóri til að stýra verkefninu auk tveggja kennara.

Ásgarðsskóli – skóli í skýjunum hefur á grundvelli þróunarskólaleyfis mennta- og barnamálaráðuneytis fullnægt skólaskyldu með fjarkennslu og hefur skólinn tekið á móti reykvískum nemendum síðan haustið 2022. Á sl. þrem árum er meðalfjöldi



Reykjavík



nemenda með lögheimili í Reykjavík sem hafa nýtt þjónustuna á hverjum tíma 23 börn á unglingastigi. Fagskrifstofa grunnskóla hefur lagt mat á innkomnar umsóknir í samvinnu við skólaþjónustu borgarinnar og fagstjóra grunnskólamála.

Gert er ráð fyrir að reykvískum nemendum sem helst gagnast fjarkennsla standi hún til boða á vegum Reykjavíkurborgar frá og með næsta hausti að því gefnu að nemandinn verði skráður í þeim skóla sem tilraunaverkefnið verður hýst í.

Í grunnskólum borgarinnar er mikill mannauður með sérhæfingu sem fellur vel að fjarkennslu.

### *Lagagrundvöllur*

Í 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að lögin taki til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til *viðurkennds náms á grunnskólastigi*. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

Í athugasemdum við 1 gr. frumvarps sem síðar varð að lögum um grunnskóla segir að með *viðurkenndu námi á grunnskólastigi sé einkum átt við mögulega heimakennslu, fjarkennslu eða dreifnám samkvæmt nýjum ákvæðum frumvarpsins*.

Í 1. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla kemur fram að nemendum sé skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. laga um grunnskóla, skólaskyldu sé unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með *öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum*.

Í 1. mgr. 26. gr. laga um grunnskóla kemur fram að frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. *Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám*.

Í 16. kafla aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um undanþágur frá aðalnámskrá.

Samkvæmt kafla 16.2.4. í aðalnámskrá grunnskóla um fjar- og dreifinám er meginreglan sú að nemendur skulu sækja staðnám í samræmi við skólaskyldu barna á Íslandi, en forsenda þess að börn njóti ýmissa réttinda sem lög tryggja þeim er að þau sækji nám í hvetjandi námsumhverfi. Íslenski grunnskólinn er staðskóli, en í því felst að nemendur mæta í skólabyggingar daglega til að sinna námi sínu. Þó er möguleiki að skólar geti útfært einstaka námsgreinar, t.d. valgreinar, í fjarnámi eða sem sjálfstætt heimanám án skólasóknar. Það geti bæði verið til að kenna sjálfstæði í vinnubrögðum og til að mæta sérstökum aðstæðum nemenda, t.d. búsetu langt frá skólabyggingu. Þannig má útfæra slíka framkvæmd á mismunandi vegu innan skóla, þ.e. einstaka skólastjórar hafa heimild til slíkra útfærslna á skólastarfinu og skal það kynnt í skólanámskrá.





Meginmarkmið fjar- og dreifináms í grunnskóla er að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er m.a. átt við nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla, s.s. nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna og valnám af ýmsum toga. Áður en skólar hefja fjarnám þarf að liggja fyrir hvernig skyldum umsjónarkennara er sinnt gagnvart nemendum í fjarnámi. Vakin er athygli á hlutverki umsjónarkennara lögum samkvæmt en hann skal fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almenntri velferð, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila.

*Með vísan til framangreinds gera lög um grunnskóla ekki ráð fyrir að nemandi stundi alfarið fjarnám. Þó getur skólastjóri veitt nemanda undanþágu frá skyldunámi en ríkar ástæður þurfa að vera fyrir hendi til að veita slíka undanþágu, enda ber að skýra allar undanþágur frá meginreglunni um skólaskyldu þröngt. Stundi nemandi fjarnám eða ákveði skólastjóri að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í ákveðnum námsgreinum er með engu móti slakað á skyldum sveitarfélagsins með eftirfylgni nemandans samkvæmt lögum um grunnskóla.*

Í 44. gr. laga um grunnskóla kemur fram að mennta- og barnamálaáðherra geti veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga um grunnskóla, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Fái Reykjavíkurborg leyfi til þróunarverkefnis vegna fjarkennslu í grunnskóla borgarinnar má gera ráð fyrir að ekki þurfi að óska eftir undanþágu frá skyldunámi vegna nemenda sem þar stunda nám.

*Fjárhagsleg áhrif:*

Kostnaður vegna nemenda í fjarnámi var 75 milljónir króna fyrir árið 2024 fyrir 20 nemendur (kr. 468 þús. á nemenda á mánuði).

Hægt er að ná fram hagræðingu með því að nýta grunnskóla innan borgarinnar til að sinna þessari þjónustu á komandi skólaári.



## Frumkostnaðaráætlun m.v. áætlanir fagskrifstofu um mönnunarpörf

	Stg	Áætlun pr. stöðugildi	Álag 1)	Alls pr. stg	
				14.820.00	29.640.00
Grunnskólakennari	2	12.000.000	2.820.000	0	0
Verkefnastjóri	1	15.000.000	0	15.000.00	15.000.00
					<b>44.640.00</b>
					<b>0</b>
Annar kostnaður (t.d. UT)					<b>8.928.000</b>
					<b>53.568.00</b>
<b>Samtals</b>					<b><u>0</u></b>

1) Þarf að skilgreina betur með tilvísun til greinar 1.6.3 í samningi FG

